

Svæðisgarður Snæfellinga - Fundargerð

Nefndarheiti: Svæðisgarður - framkvæmdastjórn

Nr. fundar: 2014/3

Staður og stund: Bæjarskrifst.Grundarfjarðar 12.ágúst kl. 13:30

Mætt: Eyþór Garðarsson, Þorkell Símonarson, Hallur Pálsson, Sturla Böðvarsson, Kristín Björg Árnadóttir

Forföll: Örvar Marteinnsson

Fundarritari: KBÁ

Dagskrá:

1. Ráðning framkvæmdastjóra

KBÁ bauð fundargesti velkomna og bað hvern og einn fundargest að tjá skoðun sína. Allir fundargestir tjáðu sína skoðun með rökstuðningi. Góðar umræður fóru fram um hvaða einstakling skyldi ráða og voru fundargestir sammála um að gott væri að geta valið úr flottum hópi umsækjenda.

Mikil umræða fór fram um staðsetningu aðalskrifstofu Svæðisgarðsins, og voru fundargestir sammála um að framkvæmdastjórinn yrði að vera sýnilegur á öllu svæðinu.

Sturla talaði um að ekki væri gert ráð fyrir fjármagni í þetta verkefni hjá Stykkishólmsbæ og en engu að síður myndu þeir standa við sinn hlut í Svæðisgarðinum úr því sem er orðið. Einnig lagði hann fram skjal frá febrúar árið 2000 þar sem forsvarsmenn sveitarfélanna á Snæfellsnesi höfðu undirritað samkomulag um að næsta samstarfsverkefni yrði staðsett í Stykkishólmi. Kristín Björg nefndi þá að EarthCheck (þá Green Globe) væri staðsett í Stykkishólmi.

Að umræðu lokinni var ákveðið að ræða þetta nánar við verðandi framkvæmdastjóra Svæðisgarðsins enda var þá stefnan í aðdraganda verkefnisins.

Eftir góðar umræður var samþykkt samhljóða var að ganga til samninga við Ragnhildi Sigurðardóttir.

2. Næstu skref

Eyþór lagði fram tillögu um að honum sem formanni eigendaráðs og Kristínu Björgu sem formanni framkvæmdastjórnar yrði falið að funda með Ragnhildi til að ganga frá ráðningu.

Var það samþykkt samhljóða.

3. Næstu skref

Kristín Björg og Eyþór munu hafa samband við stjórn þegar búið er að ganga frá ráðningu framkvæmdastjórnans og ráðningarsamningur liggur fyrir. En hann mun verða lagður fyrir stjórn áður en hann verður undirritaður.

Fundi slitið kl 15:30

KBÁ